

Mál nr. 375/2017

M
og

V v/ lögboðinnar slysaftryggingaftryggingar ökumanns bifhjól.

Ágreiningur um hvort stjórnandi bifhjól hafi slasast við æfingu fyrir aksturskeppni.**Gögn.**

Málskot, móttækið 23.11.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 5.12.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 25. júlí 2017 var M við akstur á bifhjóli sínu, A, sem er svo kallað „mótorcrosshjól“ á þar til gerðu aksturssvæði fyrir slík hjól í Bolaöldum í Svínahrauni. Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hann hafi verið nýbyrjaður á æfingu og verið að hjóla fyrsta hringinn í akstursbrautinni þegar hann hafi komið á stökkpall. Hafi hann þá farið fram fyrir sig á hjólinu og þá reynt að stökkva af því með þeim afleiðingum að hann hafi lent á jafnsléttu með fætuna á undan sér. Við það mun M hafa brotnað á vinstri lærlegg og hlotið áverka í baki.

M hefur krafist bóta úr lögboðinni slysaftryggingu ökumanns og eiganda A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til sérstaks ákvæðis í vátryggingarskilmálum varðandi aksturskeppni, en þar segir að vátryggingin nái ekki til tjóns við kappakstur eða aksturskeppni, né æfinga við slíkan akstur, nema um annað sé samið og þess getið á vátryggingarskírteini. M hafi ekki keypt viðauka við vátrygginguna samkvæmt ákvæði þessu. M stundi aksturkeppni á A og í skýrslu lögreglunnar komi fram að hann hafi verið á æfingu þegar slysið. Því taki slysaftryggingin ekki til þessa slysaatviks.

Álit.

Samkvæmt skilmálum umræddrar slysaftryggingar ökumanns og eiganda greiðir félagið bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis, sbr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt gögnum málsins var einungis ein keppni eftir í Íslandsmótaröðinni í „mótorcross“ þegar slysið varð, eða laugardaginn 26. ágúst 2017. M hefur lagt fram í málinu ítarleg gögn um að þann dag hafi honum verið boðið í brúðkaup vinar síns og hann hafi þegið það boð. Þegar til þessa er litið og gagna málsins að öðru leyti er ekkert fram komið til stuðnings þeirri staðhæfingu V að M hafi verið við æfingu fyrir kappakstur eða aksturskeppni þegar slysið varð, eins og áskilið er samkvæmt fyrrgreindu skilmálaákvæði svo félagið geti borið það fyrir sig og, eftir atvikum, hafnað bótaskyldu. Við svo búið telst M eiga óskoraðan rétt til bóta fyrir líkamstjón sitt úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.